

Alþingi
Erindi nr. P 126/1995
komudagur 24.4.2001

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 24. apríl 2001.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvarldserinda o.fl. Þingskjal 859 - 553. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og lætur í té eftirfarandi umsögn:

Svo sem rakið er í athugasemdum við lagafrumvarp þetta, er tilefni frumvarpsins sú gagnrýni sem fram hefur komið varðandi opinbera birtingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem ætlað er að hafa lagagildi hér á landi. Er þar sérstaklega vísað til álits Umboðsmanns Alþingis 9. janúar 1998 (SUA 1998:64), svo og álits sérfræðinganevndar sem forsætisráðherra skipaði til að fara yfir þetta málefni eftir að álit Umboðsmanns Alþingis kom fram.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heimild til að birta umræddar EES-gerðir með þeim hætti sem tíðkaður hefur verið. Í því felst, að samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna verður birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, og þeirra gerða sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, jafngild eins og verið hefði ef birtingin hefði átt sér stað í hérlendum Stjórnartíðindum.

Í lagafrumvarpi þessu kemur fram, að nefnd sé að störfum við heildarendurskoðun laga nr. 64/1943, en ekki þyki fært að bíða með þessa breytingu eftir niðurstöðu nefndar sem vinnur að þeirri endurskoðun.

Laganefnd LMFÍ telur þá birtingu EES-gerða sem þetta lagafrumvarp gerir ráð fyrir vera ófullnægjandi fyrir íslenskt þjóðfélag. Breytingin sem hér er lögð til felur vissulega í sér nokkra réttarbót, en nefndin telur hana ekki fela í sér fullnægjandi réttarvernd hér á landi. Telur nefndin óhjákvæmilegt að efni slíkra gerða, sem ætlað er að hafa lagagildi hér á landi, verði birt með skýrari hætti hér á landi en þeim sem hér er ráðgerður.

Laganefnd telur einnig að þessi breyting væri til þess fallin að slaka á þeim kröfum sem rétt væri að gera til endanlegrar útfærslu á þessum reglum við heildarendurskoðun laganna.

Samkvæmt framansögðu telur laganefnd LMFÍ að farsælla væri að herða á vinnu við heildarendurskoðun umræddra laga og leggja fyrir Alþingi tillögur um heilsteyptar reglur um öll þau atriði sem slík lög þurfa að taka til. Lög nr. 64/1943 eru fyrir löngu

orðin úrelt, en lög um þetta efni þurfa að taka mið af þeirri tækni við miðlun upplýsinga sem þjóðin býr við á hverjum tíma.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður